

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð, nr. 858/2000, um SMT tollafgreiðslu.

1. gr.

B. liður 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- b. Þeir hafi tilkynnt Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og séu á fyrirtækjaskrá, sbr. lög nr. 62/1969, um fyrirtækjaskrá eða ef um einstaklinga er að ræða sem stunda atvinnurekstur, skulu þeir að minnsta kosti hafa framkvæmt 12 tollafgreiðslur í atvinnuskyni á síðustu 12 mánuðum áður en leyfi til SMT- eða VEF-tollafgreiðslu er veitt.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 8. mgr. 14. gr. tollalaga, nr. 55/1987, og öðlast hún þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 6. júlí 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jóna Björk Guðnadóttir.

REGLUGERÐ

um þjóðgarðinn Snæfellsjökul.

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Reglugerð þessi er um þjóðgarðinn Snæfellsjökul, Snæfellsbæ, sem stofnaður var 28. júní 2001.

Um þjóðgarðinn gilda ákvæði 51. og 52. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og ákvæði reglugerðar þessarar eftir því sem þau geta átt við.

II. KAFLI

Stjórn þjóðgarðsins.

2. gr.

Náttúruvernd ríkisins fer með stjórn þjóðgarðsins. Henni til ráðgjafar starfar ráðgjafanefnd sem umhverfisráðherra skipar með þátttöku hlutaðeigandi sveitarstjórnar, Fornleifaverndar ríkisins, Ferðamálasamtaka Snæfellsness og Náttúruverndar ríkisins til að fara með málefni sem varða rekstur og skipulag. Fulltrúi Náttúruverndar ríkisins skal vera formaður nefndarinnar.

3. gr.

Náttúruvernd ríkisins ræður þjóðgarðsvörð til að fara með daglegan rekstur þjóðgarðsins. Þjóðgarðsvörður skal gera tillögu til Náttúruverndar ríkisins um rekstur hans í samræmi við verndaráætlun og staðfest skipulag.

Náttúruvernd ríkisins setur þjóðgarðsverði erindisbréf. Þjóðgarðsvörður skal vera búsettur í húsnæði þjóðgarðsins í Snæfellsbæ.